


Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028

Tjaldsvæði við Kaupvang



Staðfest aðalskipulag
21.12.2009
Mkv. 1:10.000



Tillaga að breytingu
Dags. 05.05.2010
Mkv. 1:10.000

Greinargerð

Forsendur

Fyrirhugað er að færa tjaldsvæði í miðbæ Egilsstaða um set og koma því fyrir á svæði þar sem áður var gróðrarstöð, austanvert við Kaupvang. Svæðið er skilgreint sem miðsvæði á gildandi Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Tjaldsvæðið er núna milli Kaupvangs og Þjóðveggar 1 sem þýðir að skv. tillögunni færast það yfir götuna, þ.e. Kaupvang.

Tjaldsvæðið er mikilvægur þáttur í bæjarlífi Egilsstaða á sumrin og tjaldgestir njóta þar nálægðar við ýmsa þjónustu sem býðst í miðbænum. Tjaldsvæðinu fylgir þjónusta við tjaldgesti sem veitt er í byggingum á svæðinu. Hluti þeirrar þjónustu sem veitt er tjaldgestum getur nýst öðrum bæjarbúum, t.d. sala á matvöru og veitingum.

Áfram er gert ráð fyrir tjaldsvæði O3 vestan Þjóðveggar til lengri tíma litið og hefur tillagan engin áhrif á það.

Tillaga

Tilgreindri landnotkun á reit austan Kaupvangs, eins og sýnt er á upprætti, er breytt úr miðsvæði í opið svæði til sérstakra nota og fær auðkennið O32. Skilmálar verði sem hér segr:

O32 Tjaldsvæði í miðbæ Egilsstaða

Svæðið er tjaldsvæði, með tilheyrandi aðstöðu, leiksvæðum og þjónustuhúsum. Gert er ráð fyrir því að þjónusta sem veitt er á svæðinu á forsendum tjaldsvæðisins standi öðrum en tjaldgestum til boða.


Umhverfismat

Tjaldsvæðið flyst steinsnar með áþekku umfangi og þjónustu. Umhverfisáhrif eru því óveruleg. Lóðin er auð og hús sem fyrir er á lóðinni verður gert upp og því fengið nýtt hlutverk í tengslum við tjaldsvæðið.

Stærð svæðisins er um 2,5 ha og það fellur því ekki undir viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskiplagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 18.08.2010



Aðalskiplagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til umhverfisráðherra þann 6. okt. 2010



Hafdis Hafidardóttir Guðmúndur Gunnarsson

Aðalskiplagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. þann 23/10. 2010

Magnús Jóhannsson /n's Þjónungundsd.

